

Sp. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stofnað verði sameignarfélag allra þeirra aðila í Norðurlandskjördæmi vestra, sem annast fiskveiðar á stærri fiskiskipum, reka frystihús til fiskvinnslu, fisksöltun eða herzlu.

Ríkissjóði eða Framkvæmdastofnun ríkisins er heimilt að eiga verulega hlutdeild í félaginu, þó ekki meiri hluta.

Greinargerð.

Sú hugsun er á bak við þessa tillögu, að hagkvæmt sé fyrir þá aðila að vinna saman, sem nú stunda fiskveiðar og fiskvinnslu á Siglufirði, Hofsósi, Sauðárkróki og Skagaströnd.

Á þessu svæði eru starfandi allmörg frystihús. Þau eru þó flest fremur lítil, og þó að sum sé ekki samkvæmt nýjustu kröfum, þá eru þau mjög prýðilega nothæf enn um langt árabíll. En lagfæringar og breytingar þarf að gera á mörgum þeirra.

Nú eru í byggingu tveir togarar fyrir Siglufjörð og einn fyrir Sauðárkrók. Auk þessa verður byggt stórt nýtt frystihús á Siglufirði á næstu tveimur árum. Þar hefur ríkissjóður haft forustu um þessa uppbyggingu. Á minni stöðunum, Hofsósi og Skagaströnd, eru engir aðilar til, sem geta lagt verulegt fjármagn til atvinnuuppbyggingar.

Í kaupstöðum og kaupþúnum þessa kjördæmis hefur verið hvað lókust afkoma fólks á öllu landinu á undanförunum árum.

Ég tel, að samvinna þeirra aðila, sem við fiskveiðar og fiskvinnslu fást á þessu svæði, sé beinlínis grundvallarforsenda þess, að árangurs megi vænta varðandi uppbyggingu atvinnulífsins. Í héraði eru ekki til slíkir fjármunir, sem hér þurfa að koma til. Þess vegna tel ég, að ríkissjóður eða Framkvæmdastofnun ríkisins verði að vera stór aðili þessa máls, ef árangurs á að vera að vænta. Þó tel ég ekki rétt, að meiri hlutavaldið sé tekið úr höndum heimamanna.

Það kynnir að vera, að slík samvinna gæti einnig átt við á öðrum landssvæðum.